

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Garðabæ fyrir árið 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 6 500 fyrir árið 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1990.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Ásmegin.

1. gr.

Félagið „Veldur hver á heldur“ stofnar hér með sjálfseignarstofnunina Ásmegin, sem lýtur lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988. Stofnfé er kr. 365 000 og er það fé runnið frá stofnendum. Stofnfé er í vörslu stjórnar. Eigi má skerða stofnfé.

Stofnendur eru: Þór Ingi Daníelsson, Þóra Tómasdóttir, Snorri Traustason, Sigurlaug Jónsdóttir, Sigfús Guðfinnsson, Kerstin Andersson, Helga Óskarsdóttir, Guðjón Árnason.

2. gr.

Heimili og varnarþing er í Kópavogi.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að efla og styðja menningarframtak á sviði uppeldis- og skólamála sem og listrænum sviðum byggða á antroposofi Rudolf Steiners. Til að ná þessum markmiðum mun stofnunin í hvívetna renna stöðum í orði og æði undir þessa þætti: Waldorfleiksskóla, Waldorfskóla, goetheaniska listiðkun og framleiðslu, auk þess að erja jörð og sinna umhverfinu á biologiskynamiskan hátt.

4. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar þess starfs sem stofnunin hefur með höndum, skal aflað með því að taka á móti framlögum, styrkjum, áheitum, gjöfum o.s.frv. Tekjum af starfsemi skal varið til rekstrar og uppbyggingar á starfsemi þeirri sem stofnunin hefur á sínum vegum, þannig að vöxtur og viðgangur starfseminnar samræmist sem best ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum: formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Varamenn skulu vera þrír. Fyrsta stjórn er skipuð stofnendum og eru verkaskipti samkomulag þeirra á milli. Stjórn skal annars valin á aðalfundi, sem halda skal í októbermánuði ár hvert. Fullgildur aðili til setu í stjórn, auk atkvæðisréttar, er hver sú manneskja sem tengst hefur störfum Ásmegins í eitt ár. Aðalfund skal boða bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Stjórn stofnunarinnar getur boðað til auka aðalfundar telji hún þess þörf. Tillögur um skipulagsskrárbreytingar eða aðra mikilvæga málaflokka þurfa að berast stjórninni hið minnsta þrem vikum fyrir aðalfund.

6. gr.

Verði stofnunin lögð niður eða breytingar á skipulagsskrá er það háð samþykki $\frac{1}{3}$ hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til landgræðslu að hætti Wroblowskys.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu yfirfara og árita reikninga stofnunarinnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar verði 70 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1990.

Böðvar Bragason.